

**HEILBRIGÐISNEFND**  
**HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS**  
**94. fundur –21. september 2005**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, miðvikudaginn 21. september, að Garðatorgi 7, Garðabæ og hófst hann kl. 17:15. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð. Gestur Pétursson boðaði forföll en í hans stað mætti Bryndís Hilmarsdóttir. Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

**1 Fundargerðir 93. fundar heilbrigðisnefndar**

Samþykkt.

**2 Fundargerð 79. starfsmannafundar frá 14. september 2005**

**2.1 Starfsleyfi.**

**Garðabær**

2.1.1 Gilsbúð 5, Garðabæ - verslun með snyrtivörur.

Lögð fram umsókn Hjálmars Kristmannsson, fh. Árgerðis ehf., kt. 510188-1449, dags. 06.09.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með snyrtivörur að Gilsbúð 5, Garðabæ. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.2 Holtsbúð 71, Garðabæ - daggæsla fyrir allt að 10 börn.

Lögð fram umsókn Katrínar Helgu Stefánsdóttur, kt. 280974-4399, dags. 13.09.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs daggæslu fyrir allt að 10 börn, að Holtsbúð 71, Garðabæ. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 4 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

2.1.3 Miðhraun 14, Garðabæ - verslun með snyrtivörur.

Lögð fram umsókn Rudolfs Kristinssonar, f.h. Kaupsel hf., kt. 691278-0429, dags. 07.09.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með snyrtivörur að Miðhrauni 14, Garðabæ. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

2.1.4 Suðurhraun 12b, Garðabæ - málmsmíðaverkstæði.

Lögð fram umsókn Sveins Sigurðssonar, f.h. Micro ehf., kt. 480396-2789, dags. 31.08.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs málmsmíðaverkstæðis að Suðurhrauni 12b, Garðabæ. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 15 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

**Hafnarfjörður**

2.1.5 Brekkugata 19, Hafnarfirði - Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi með móttökueldhúsi.

Lögð fram umsókn Einars Birgis Steinþórssonar fh. Flensborgarskóla, kt. 611175-1919, dags. 14.09.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi með móttökueldhúsi, að Brekkugötu 19, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.6 Hlíðarberg, Hafnarfirði - gæsluvöllur.

Lögð fram umsókn Hildar Sigurbjörnsdóttur, fh. Hafnarfjarðarkaupstaðar, kt. 590169-7579, dags. 01.09.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gæsluvallar að Hlíðarbergi, Hafnarfirði. Endurnýjun.  
Frestað og óskað eftir áætlun um úrbætur.

2.1.7 Hvaleyrarbraut 2, Hafnarfirði - fiskvinnsla.

Lögð fram umsókn Jóns Garðars Sigurvinssonar, fh. Fresh ehf., kt. 570805-0290, dags. 29.08.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskvinnslu að Hvaleyrarbraut 2, Hafnarfirði. Ný starfsemi.  
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 5 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

2.1.8 Kaplahraun 19, Hafnarfirði - bifreiðaverkstæði.

Lögð fram umsókn Magnúsar Magnússonar, fh., Hjá Magga ehf., kt. 610305-0910, dags. 29.08.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Kaplahrauni 19, Hafnarfirði. Ný starfsemi.  
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 5 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykka notkun fasteignar. Undanþága er veitt frá kröfu um olíugildru vegna núverandi starfsemi.

2.1.9 Óseyrarbraut 6, Hafnarfirði - trésmiðja án lökkunar.

Lögð fram umsókn Trausta Ó. Lárussonar, fh. Vörubretta ehf., kt. 531289-1619, dags. 09.09.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs trésmiðju án lökkunar að Óseyrarbraut 6, Hafnarfirði. Ný starfsemi.  
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 15 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

2.1.10 Óttarstaðir, Hafnarfirði - skemmtigarður.

Lögð fram umsókn Eypórs Guðjónssonar, f.h. Paintball ehf., kt. 650602-4470, dags. 04.06.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skemmtigarðs að Óttarstöðum, Hafnarfirði. Ný starfsemi.  
Lagt fram bréf, dags. 01.09.2005 frá Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar.  
Lagt fram bréf, dags. 01.09.2005 frá Eypóri Guðjónssyni fh. Paintball ehf., um þvott á andlitsgrímum og hreinsun á rusli á starfssvæðinu og helsta nágrenni.  
Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 1 árs þar sem varanleg hreinlætisaðstaða og neysluvatnsöflun er ekki komin.  
Sigurgeir Ólafsson, vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

2.1.11 Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfirði - hársnyrtistofa.

Lögð fram umsókn Þóru Hjálmarsdóttur, kt. 191150-2289, dags. 08.09.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hársnyrtistofu að Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði. Endurnýjun.  
Frestað þar sem endurbótum er ekki lokið.

2.1.12 Reykjavíkurvegur 68, Hafnarfirði - fiskbúð.

Lögð fram umsókn Þorkels Bergssonar, f.h. Fiskbúðarinnar Álfheimum, kt. 660903-2320, dags. 07.09.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskbúðar að Reykjavíkurvegi 68, Hafnarfirði. Eigendaskipti.  
Með vísun til ákvæða matvælaeiglugerðar er samþykkt starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

### Kópavogur

2.1.13 Dalsmári 5, Kópavogur - veitingarekstur

Lögð fram umsókn Jóhannesar Stefánssonar, fh. Múlakaffis ehf., kt. 660772-0229, dags. 07.09.2005, þar sem sótt er um tímabundið starfsleyfi dagana 07.09.2005 til 10.09.2005 vegna sjávarútvegssýningar sem haldin er að Dalsmára 5, Kópavogi. Tímabundin starfsemi.  
Með vísun til ákvæða matvælaeiglugerðar er staðfest leyfisveiting.

2.1.14 Hagasmári 1, Kópavogi - samkomustaður

Lögð fram umsókn Bjarna Vilhjálmssonar f.h. Lukkusmárans ehf. kt. 511000-2460, dags. 21.09.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs samkomustaðar að Hagasmára 1, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára

2.1.15 Hæðasmári 6, Kópavogi - snyrti- og nuddstofa.

Lögð fram umsókn Ingu Stefánsdóttur, fh. Snyrtilindarinnar ehf., kt. 441104-3320, dags. 08.09.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrti- og nuddstofu að Hæðasmára 6, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.16 Hæðasmári 6, Kópavogi - sala á tilbúnum mat.

Lögð fram umsókn Hjördísar Ásberg, fh. Maður lifandi ehf., kt. 660504-2650, dags.

31.08.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sölu á tilbúnum mat að Hæðasmára 6, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.17 Kársnesbraut 78, Kópavogi - daggæsla fyrir allt að 10 börn.

Lögð fram umsókn Moniku Gissurardóttur, kt. 220777-5299, dags. 13.09.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs daggæslu fyrir allt að 10 börn að Kársnesbraut 78, Kópavogi. Ný starfsemi.

Frestað þar sem úrbótum er ekki lokið.

2.1.18 Kópavogsbraut 5 - 7, Kópavogi - dvalar-, endurhæfingar- og hjúkunarheimili með móttökueldhúsi.

Lögð fram umsókn Ingólfs Þórissonar, fh. Landspítalans Háskólasjúkrahúss, kt. 500300-2130, dags. 06.09.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs dvalar-, endurhæfingar- og hjúkunarheimilis með móttökueldhúsi að Kópavogsbraut 5-7, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

## 2.2 Umsagnir.

### Hafnarfjörður

2.2.1 Hraunbrún 25, Hafnarfjörður - gisting á einkaheimili.

Lagt fram bréf frá sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 12.09.2005 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Birgis Jónssonar, kt. 041040-3869 um endurnýjun á leyfi til sölu gistinga á einkaheimili sínu að Hraunbrún 25, Hafnarfirði.

Jákvæð umsögn að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.2.2 Kaplakriki, Flatahraun, Hafnarfirði - leyfi til tónleikahalds.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 30.08.2005 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Þorsteins Stephensen, fyrir hönd Örlýgs ehf, kt. 420399-2869, sem sækir um leyfi til tónleikahalds í þróttahúsinu Kaplakrika, við Flatahraun, Hafnarfirði, 02.09.2005.

Jákvæð umsögn staðfest.

2.2.3 Kaplakriki, Flatahraun, Hafnarfirði - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 30.08.2005 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Pétur Stephensen, fyrir hönd Knattspyrnudeildar FH, sem sækir um veitingaleyfi í íþróttahúsinu Kaplakrika, við Flatahraun, Hafnarfirði, 17.09.2005.

Jákvæð umsögn staðfest.

#### 2.2.4 Sörlaskeið 26, Hafnarfirði - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf frá sýslumanninum í Hafnarfirði, dags. 29.08.2005 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Önnu Marín Kristjánsdóttur, sem sækir um veitingaleyfi fyrir Hestamiðstöð Íshesta, kt. 451004-4410, að Sörlaskeiði 26, Hafnarfirði  
Jákvæð umsögn samþykkt.

### 2.3 Tóbakssöluleyfi

#### 2.3.1 Hagasmári 1, Kópavogi - samkomustaður

Lögð fram umsókn Bjarna Vilhjálmssonar f.h. Lökkusmárans ehf. kt. 511000-2460, dags. 21.09.2005, þar sem sótt er um tóbakssöluleyfi fyrir rekstur samkomustaðar að Hagasmára 1, Kópavogi. Nýtt leyfi.  
Samþykkt.

### 2.4 Annað.

#### 2.4.1 Eftirlitshandbók UST og HES fyrir matvælaeftirlit.

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar dags. 24.06.2005 ásamt drögum að eftirlitshandbók.

## 3 ÍSAL Straumsvík, Hafnarfirði

Lagt fram erindi Umhverfisstofnunar frá 9. ágúst 2005 ásamt tillögu að starfsleyfi fyrir álver Alcan á Íslandi Straumsvík, Hafnarfirði. Umhverfisstofnun hefur unnið tillögu að starfsleyfi sem gerir ráð fyrir allt að 460.000 tonna ársframleiðslu í samræmi við umsókn fyrirtækisins og tillögu að breyttu deiliskipulagi svæðisins. Óskað er umsagnar fyrir 5. október 2005.

Heilbrigðisnefnd gerir eftirfarandi umsögn:

“Ekki liggur fyrir samþykkt skipulag fyrir stækkun álversins. Ekki er gerð krafa um auknar mengunarvarnir vegna útblásturs í fyrirliggjandi starfsleyfi. Ef af fyrirhugaðri stækkun verður mun loftmengun frá starfsemi aukast verulega. Krafa um hreinsun á kergasi nær aðeins til flúors.

Heilbrigðisnefnd telur því að:

- þynningasvæði vegna brennisteinstvíldis eigi að miðast við lóðarmörk fyrirtækisins og vera skilyrt því að bothreinsibúnaði verði komið fyrir náist ekki að uppfylla það skilyrði,
- í starfsleyfi verði sett ákvæði um viðbrögð ef mengun verði meiri í umhverfi en ásættanlegt geti talist þó svo rekstur kerja mælist innan samþykktra losunarmarka,
- takast eigi á við einstakar hávaðauppsprettur á svæðinu,

Heilbrigðisnefnd telur að ef vatn frá vothreinsun á kergasi sé leitt út á gott þynningasvæði hafi slík mótþægisaðgerð lítil umhverfisáhrif.

Heilbrigðisnefnd getur ekki fallist á að vöktunarmælingar í umhverfi eigi að vera á ábyrgð fyrirtækisins þó svo að reksturinn eigi að bera kostnað af slíkum rannsóknum. Jafnframt eru gerðar athugasemdir við að Umhverfisstofnun og fyrirtækið geti skuldbundið nálæga starfsemi til þátttöku í umhverfisvöktun.

Til viðbótar við auglýst starfsleyfi þarf að gefa út tilheyrandi starfsleyfi fyrir stoðeildir fyrirtækisins svo gætt sé jafnræðis gagnvart öðrum fyrirtækjum í landinu.

Heilbrigðiseftirlitinu er falið að koma ofangreindum sjónarmiðum á framfæri ásamt nokkrum tæknilegum athugasemdum.”

## 4 Hunda og kattahald í Hafnarfirði

Lagt fram að nýju erindi Umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðarbæjar sem barst þann 26. ágúst s.l. þar sem óskað er umsagnar um greinargerð starfshóps um hunda- og kattahald í Hafnarfirði.

Lagt fram erindi Sveitarfélagsins Álftaness frá 9. september 2005 þar sem framsent er bréf Hundaræktarfélags Íslands frá 24. ágúst 2005 varðandi almennar reglur um hundhald. Málið rætt og ákveðið að fresta frekari umræðu til næsta reglulegsfundar nefndarinnar.

## **5 Vatnsvernd**

### **5.1 Umsókn um leyfi til framkvæmda á Heiðmerkurvegi (408) samkvæmt reglum um vatnsverndarsvæði**

Lagt fram að nýju erindi Vegagerðarinnar frá 16. ágúst 2005 þar sem sótt er um leyfi til framkvæmda á Heiðmerkurvegi nr. 408.

Með vísun til tillögu framkvæmdastjórnar um vatnsvernd er erindinu vísað til heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.

### **5.2 Fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd**

Lögð fram fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu frá 19. september 2005.

## **6 Önnur mál**

### **6.1 Mávar og gæsir**

Nokkur umræða hefur verið um máva og gæsir að undanfögnu og staðbundin óþægindi sem þessir fuglastofnar hafa valdið. Skriflegt erindi hefur borist vegna gæsa sem safnast á íþróttavöll og vegna máva í nágrenni íbúðabyggðar.

Frekari umræðu vísað til næsta reglulegs fundar nefndarinnar.

### **6.2 Mæling á umhverfisgæðum**

Kynntar mælingar sem ný hafnar eru á umhverfisgæðum.

### **6.3 Olíumengun í Óseyrarbraut**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir olíumengun sem kom í ljós við framkvæmdir sem eiga sér stað í Óseyrarbraut og viðbrögðum við henni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:15

Loftur Þór Pétursson

Árni Sverrisson

Andrés Pétursson

Richard Hansen

Jón Bjarni Þorsteinsson

Bryndís Hilmarsdóttir

Sigurgeir Ólafsson